

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1524*  
*komudagur 12.2.2013*



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík  
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. febrúar 2013  
Tilvísun: 2013020006/50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um skilgreiningu auðlinda.  
141. löggjafarþing 2012–2013. Þingskjal 35 — 35. mál**

Orkustofnun vísar til erindis Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dags. 5.febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda. 141. löggjafarþing 2012–2013. Þingskjal 35 — 35. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni tillögunnar sem gerir ráð fyrir að Alþingi álykti að fela forsætisráðherra að fá færustu sérfræðinga á sviði auðlindaréttar til að semja frumvarp sem skilgreinir með tæmandi hætti hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar auðlindir Íslands eru.

Orkustofnun vekur athygli á að stofnunin fer með stjórnábyrgð og leyfisveitingarvald samkvæmt ákvæðum laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, raforkulaga, nr. 65/2003, vatnalaga, nr. 15/1923 og laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990. Þá fer Orkustofnun einnig með leyfisveitingarvald samkvæmt ákvæðum laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

Komi til þess, eins og tillagan gerir ráð fyrir, að færustu sérfræðingar semji frumvarp sem skilgreinir með tæmandi hætti hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar auðlindir Íslands eru er eðlilegt að Orkustofnun og sérfræðingar hennar á sviði auðlindamála og auðlindaréttar hafi aðkomu að því máli.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við fram komna þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,  
f. h. orkumálastjóra

Skúli Thoroddsen

Kristinn Einarsson